

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta nefndan dóm.

Ákvæði aukaréttardómsins um 40 kr. sekt á hendur Valdemar Thorarensen og 20 kr. sekt á hendur Böðvari Jónssyni fyrir ósæmilegan rithátt samþykkist einnig.

Eftir þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co. greiði stefnda Ragnari Ólafssyni 80 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdur málskostnaður og sektir greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 50/1919:

E. Larsen fyrir hönd eigenda
og váttryggjenda skipsins
I. B. Petersen
gegn
Guðmundi Péturssyni

D ó m u r :

Föstudaginn 28. desbr. 1917, festist skipið I. B. Petersen, þrísigld skonnorta með hjálparvél, 67,76 smálestir að stærð, frá Árósum, eign hlutafélagsins Carl Höepfner og vátryggt hjá »Det fjerde Söforsikringsselskab« i Kaupmannahöfn á svonefndu Bótar-keri i Krossavík norðan við Oddeyri á Eyjafirði. Skipstjórinn E Larsen lét þegar gera tilraunir til að losa skipið af skerinu, en það varð árangurslaust með því að sjór var farinn að falla út og hjálparvélin var biluð, svo að hún varð eigi notuð. Næsta morgun kl. 8 lét skipstjóri leggja út varpakkeri frá bakborðshlið skipsins og festa streng frá stjórnborðshlið i akkerisfesti, er mannlauk skipsskrokkur lá við þar skamt frá, og með því til skiftis að toga á bæði borð tókst að þoka skipinu 12 fet áfram. Stundu fyrir hádegi sendi skipstjóri stýrimanninn til verzlunarstjóra Carls Höepfners á Akureyri með þau skilaboð að hann sendi mótorbát og 4 menn til aðstoðar og og fékk verzlunarstjórinn útgerðarmann Guðmund Péturson á Akureyri til að senda mótorskip hans Ölduna með 5 mönnum til aðstoðar við I. B Petersen. Um nónbil kom Aldan út að skipinu en engar tilraunir voru gerðar til að koma skipinu á flot fyr en með flóðinu um kvöldið. Larsen skipstjóri vildi þá láta flytja bakborðs-akkeri skipsins, sem var miklu þyngra en varpakkerið fram fyrir skipið og varpa því þannig fram af skerinu með skipsvindunni en skipstjóri á Öldunni áleit að þetta mætt betur takast með því að nota vélarafi mótorskipsins til að

draga skipið áfram og féllst Larsen á það. Ekkert vanst þó á með þessu, með því að strákaðall frá Öldunni og annar strákaðall frá I. B. Petersen, sem notaðir voru við þessar tilraunir, — og aðrir strengir voru eigi við hendina — slitnuðu báðir er á þá reyndi. Aldan hélt þá aftur til Akureyrar til þess eftir beiðni Larsens skipstjóra að sækja betri tæki; kom hún aftur næsta morgun og á henni 6 menn með vírstreng og 60 tómar tunnur, voru tunnurnar flestar látnar á frampilfar skipsins og fylltar af vatni, við það lyftist afturhluti skipsins, sem stóð á skerinu um rúma 3 þumlunga. Var svo vírstrengurinn festur í I. B. Petersen og brugðið um aftursigli Öldunnar, og gekk hún á strenginn með fullu vélaraffi sínu og um leið var varpakkerið notað til að vinda skipið fram; eftir margar tilraunir tókst með þessum hætti að losa skipið af skerinu og dró Aldan það síðan að bryggju á Akureyrarhöfn. Var það afliðandi hádegi 30. des.

Með því að ekki gekk saman um borgun fyrir þessa aðstoð Öldunnar, fékk eigandi hennar Guðmundur Pétursson menn dómkvadda til að meta I. B. Petersen og virtu þeir skipið á 107000 kr. 30% af þessari upphæð eða 32100 kr. taldi hann hæfilega borgun fyrir björgun skipsins og krafðist kyrsetningar á því og löghalds til tryggingar þeirri upphæð. Fór kyrsetningargerðin fram í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 26 febr. Að því búnu höfðaði Guðmundur Pétursson þetta mál fyrir sjódomi Akureyrarkaup-

staðar gegn E. Larsen skipstjóra á I. B. Petersen fyrir hönd eigenda og váttryggjenda skipsins til staðfestingar á kyrsetningargærðinni og til að fá dóm fyrir 32100 kr. björgunarlaunum með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1917. Til vara krafðist hann 30 % af kr. 98000,00 en það var verð skipsins eins og það hafði verið ákveðið af yfirmatsmönnum, er dómkvaddir voru að tilhlutun stefnda undir rekstri málsins. Úrslit málsins í sjóréttinum urðu þau, með dómi uppkevðnum 31. des. f. á. að kyrsetningargærðin skyldi óröskuð standa og stefndi greiða stefnandanum 12% af yfirmatsverðinu eða kr. 11760,00 með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1917 til greiðsludags og 200 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir E. Larsen fyrir hönd eigenda og váttryggjenda I. B. Petersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags 15 ág. þ. á., og krafist þess að kyrsetningargjörðin 26 febr. þ. á verði feld úr gildi og kostnaður við hana látinn falla niður, og að stefnda Guðmundi Peturssyni verði eigi dæmd hærrí þóknun en 5000 kr.

Áfrýjunarstefnan í málinu hefir verið löglega birt stefnda, en hann hefir eigi komið eða látið neinn koma af sinni hendi í yfirdóminn til andsvara í málinu og verður það þá samkvæmt N.L. 1.—4. 32. og tilsk. 3. júní 1796,2 gr. dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi neitar því að skip hans hafi verið statt í neyð, svo að aðstoð sú, er Aldan veitti, verði

talin björgun, er björnunarlaun eigi að greiða fyrir samkvæmt 10. kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914, eða að heimild hafi verið til að kyrsetja skipið samkvæmt 234. gr. laganna. Segir hann að skipið hafi legið létt á skerinu, svo að ekki hefði þurft annað en að færa fram bakborðsakkerið og »spila« skipið út á það, til að ná því af skerinu, og í því skyni hafi hann sent eftir mótorbát og 4 mönnum, því að bátur kipsins hafi verið of litill til að flytja akkerið, en skipstjórinn á Öldunni hafi boðist til að draga skipið af skerinu með vélarafi hennar, og hafi áfrýjandi þegið það eða samþykkt. Væðrið hafi verið gott og hjálp við hendina, þar sem Bótarsker sé að eins 10–15 mínútna sigling frá Akureyrarhöfn, og þar hafi verið nægur kostu betri skipa en Aldan, sem hægt hefði verið að fá til aðstoðar fyrir hæfilega borgun, enda mundi áfrýjandi eigi hafa notað aðstoð Öldunnar, ef honum hefði komið til hugar að stefndi mundi setja upp svo háa borgun fyrir hana, sem raun er á orðin. Svo tekur áfrýjandi það og fram að um kvöldið 30. des. hafi gengið upp vindur af útsuðri og mundi skipið þá sjálfkrafa hafa runnið af skerinu, því að það hafi legið þannig fyrir þeirri vindátt.

Það verður þó að álíta að skip áfrýjanda hafi verið í hættu, er það gat eigi komist úr hjálparlaust, því að það er óvíst að skipið hefði farið sjálfkrafa af skerinu um kvöldið eins og áfrýjandi staðhæfir, enda er því mótmælt og eigi nægilega sannað, að vindstaðan og lega skipsins hafi verið eins og áfrýjandi skýrir frá. Og í þessu efni skiftir það eigi

máli, þótt fáanleg væri önnur hjálp. Aðstoð Öldunnar verður því að teljast björgun, og átti stefndi þá kröfu til björgunarlauna og rétt til að hefta brottfór I. B. Petersen, þangað til þau væru greidd eða trygging sett fyrir þeim.

Björgunarlaun þau, er áfrýjanda ber að greiða stefnda verður því að ákveða samkv. 230. gr. siglingalaganna, og kemur þá til álita tími og fyrirhöfn, er til björgunarinnar var varið og að framan er frá skýrt, svo og hættan er skipið var statt í, en í því var engin farmur eða flutningur, og skipshöfnin virist eigi hafa verið í hættu; sama var og um björgunarmennina, að þeim eða eign þeirra var eigi stofnað í hættu, enda biðu þeir eigi tjón á björgunartækjum, er þeir notuðu, annað en það að strákadall slitnaði sem fyr getur, því að það er ósannað gegn mótmælum áfrýjanda, að Aldan hafi, eins og stefndi hedur fram, bilað eða reynst til skemda við björgunina, Stefndi hélt því fram að Aldan hefði eytt olíu fyrir 300 kr. við björgunina, en áfrýjandi telur þennan kostnað eigi hafa getað verið meiri en 100 kr.; um þetta er ekkert sannað en skýrsla áfrýjanda virðist sennilegri, þegar miðað er við stærð Öldunnar, 30 smálestir, vélarkraft hennar 50 hestöfl, og vegalengd milli Akureyrar og Bótarskers, sem ómótmælt er að ekki sé meiri en 10—15 mínútna sigling. Aldan var eigi útbúin með öðrum björgunartækjum en að framan greinir og verð hennar er talið 30000 kr.

Að öllu þessu athuguðu þykir hæfilegt að ákveða

björgunarlaunin, er áfrýjanda ber að greiða stefnda 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til borgunardags, og ber að staðfesta kyrsetningargjörðina að því er þeirri upphæð nemur.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi E. Larsen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins I. B. Petersen greiði stefnda Guðmundi Péturssyni 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til greiðsludags og á kyrsetningargerðin 26. febr. f. á. að vera óröskuð, að því er þeirri upphæð nemur. Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 13/1919 og 12/1919: Gísli Þorbjarnarson
gegn

Eggert Jónssyni og dr. Alex.
Jóhannessyni fyrir hönd